

Leiti á iðnaðarbylí í landi Réttarholts, Gnúpverjahreppi.
Ásgerði II á loðdýrabúi í landi Ásgerðis, Hrunamannahreppi.
Espigerði á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Þórisstaðir I á loðdýrabúi í landi Þórisstaða, Grímsneshreppi.
Þórisstaðir II á eignarhluta Jóns H. Bjarnasonar í jörðinni Þórisstöðum, Grímsneshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1986.

F.h.r.

Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinsson.

15. desember 1986

Nr. 525

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sagnfræðisjóð dr. Björns Þorsteinssonar.

1. gr.

Heiti sjóðsins er: Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Guðrún Guðmundsdóttir, ekkja eftir dr. Björn Þorsteinsson og dóttir þeirra Valgerður Björnsdóttir og hafa þær þegar lagt fram kr. 50 000,00 til stofnunar sjóðsins og hefur sú fjárhæð verið afhent Háskóla Íslands til varðveislu og skal sjóðurinn alltaf vera í vörslu skólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint fjárframlag, sbr. 2. gr.
2. Höfundarlaun Björns Þorsteinssonar fyrir Íslandssögu, sem væntanlega verður gefin út af Sögufélaginu á næsta ári, 1987.
3. Minningargjafir um dr. Björn og gjafir, er síðar kunna að berast sjóðnum.
4. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta við nám undir kandidatspróf í sagnfræði og kandidata í sömu grein til að rannsaka og vinna að ritum um sérstök efni, er varða sögu Íslands eða efni því nátengt.

Veita má manni styrk til sams konar verkefna, er eigi hefur verið í H.Í., og er sérstakar ástæður mæla með því að mati stjórnar og öll stjórnin er sammála þar um.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir útnefndir af eftirgreindum aðilum, einn af hverjum: Stjórn Sagnfræðistofnunar Heimspekideildar H.Í., stjórn Sögufélagins og Háskólaráði H.Í. Stjórnin kys sér formann.

6. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta máta, s.s. með kaupum á ríkisskuldabréfum eða með öðrum öruggum hætti og þannig, að sjóðurinn nái að þjóna tilgangi sínum sem best. Aldrei má veita einstaklingi lán úr sjóðnum.

7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er eignir og tekjur, sbr. 3. gr. hér að framan þar til hann hefur a.m.k. náð kr. 200 000,00.

Þegar sjóðurinn hefur náð að verða kr. 200 000,00 má fyrst veita styrki úr honum og má þá veita allt að $\frac{1}{5}$ hlutum af vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins árlega. Þegar sjóðurinn hefur náð 500 000,00 kr. fjárhæð má veita allt að $\frac{1}{10}$ hl. tekna hans í styrki. Það sem umfram er skal leggjast við höfuðstólinn. Aldrei má skerða höfuðstólinn.